



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

TALNABRUNNUR

Fréttabréf landlæknis um heilbrigðisupplýsingar

9. árg. 1. tölublað. Janúar 2015.

EFNI:

15.500 tekið afstöðu til líffæragjafar bls. 1

Ánægja heilbrigðis- starfsmanna með rafræna sjúkraskrá bls. 2

Ritstjórn

Sigríður Haraldsdóttir
sviðsstjóri, ábm.

Jónína M. Guðnadóttir

Ritstjóri
Hildur Björk Sigbjörnsdóttir

EMBÆTTI LANDLÆKNIS HEILBRIGÐISUPPLÝSINGAR

Barónsstíg 47
101 Reykjavík
Sími: 510 1900
Bréfasími: 510 1919

Netfang: mottaka@landlaeknir.is
Veffang: www.landlaeknir.is

Heimilt er að nota efni þessa fréttabréfs, sé heimildir getið.

15.500 TEKID AFSTÖÐU TIL LÍFFÆRAGJAFAR


Í október 2014 opnaði Embætti landlæknis vefsvæði þar sem almenningur getur skráð [afstöðu sína til líffæragjafar](#). Þar er einnig að finna margvíslegar upplýsingar sem tengjast líffæragjöf og algengar spurningar og svör.

Mikil umræða varð um líffæragjöf í samfélaginu þegar vefsvæðið var opnað á haustdögum. Strax á fyrstu tveimur vikunum eftir opnun vefsvæðisins tóku ríflega 7.100 einstaklingar afstöðu til líffæragjafar. Umræðan datt svo smám saman niður þegar nær dró jólum en í upphafi árs 2015 varð aftur mikil umræða í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum um mikilvægi þess að taka afstöðu til líffæragjafar. Í kjölfarið fjölgaði skráningum í grunninn umtalsvert. Það sem af er þessu ári hafa tæplega 7.400 einstaklingar til viðbótar tekið afstöðu til líffæragjafar (mynd 1).

Nú í byrjun árs 2015 hafa liðlega 15.500 einstaklingar tekið afstöðu til líffæragjafar á vef Embættis landlæknis. Af þeim sem taka afstöðu vilja um 99% gefa líffæri við andlát. Líklegt verður að teljast að þeir sem eru jákvæðir gagnvart líffæragjöf skrái frekar vilja sinn í rafrænan grunn.

Kyn og aldur

Tæplega 70% þeirra sem tekið hafa afstöðu til líffæragjafar eru konur (mynd 2). Skýringin á þessum kynjamun kann að vera sú staðreynd að konur eru líklegri til þess að leita inn á vefsvæði tengd heilsu heldur en karlmenn. Flestir þeirra sem tekið hafa afstöðu til líffæragjafar eru einstaklingar á aldrinum 18–40 ára, eða tæplega 70% (mynd 3). Ekki er ólíklegt að netnotkun þessa yngsta aldurshóps sé hlutfallslega meiri heldur en þeirra sem eldri




Mynd 1. Fjöldi einstaklinga sem hefur tekið afstöðu til líffæragjafar á vef Embættis landlæknis, eftir mánuðum.

Í byrjun árs 2015 höfðu 15.500 einstaklingar tekið afstöðu til líffæragjafar. Tæplega 70% þeirra eru konur. Af þeim sem taka afstöðu vilja 99% gefa líffæri við andlát.


eru og kann það að hafa áhrif á skráningu í grunninn.

Embætti landlæknis hvetur alla til þess að skrá afstöðu sína til líffæragjafar, hvort sem þeir heimila líffæragjöf eða ekki.

Jórlaug Heimisdóttir



Mynd 2. Hlutfall einstaklinga sem hefur tekið afstöðu til líffæragjafar á vef Embættis landlæknis, eftir kyni.



Mynd 3. Hlutfall einstaklinga sem hefur tekið afstöðu til líffæragjafar á vef Embættis landlæknis, eftir aldurshópum.

ÁNÆGJA HEILBRIGÐISSTARFSMANNA MEÐ RAFRÆNA SJÚKRASKRÁ

Embætti landlæknis stóð fyrir könnun á ánægju með rafræna sjúkraskrá meðal lækna, hjúkrunarfræðinga, ljósmæðra og lækna-ritara á Íslandi í maí og júní 2014. Könnunin var hluti af samnorrænu verkefni þar sem sami spurningalisti var lagður fyrir lækna á öllum Norðurlöndunum. Ákveðið var að gefa einnig hjúkrunarfræðingum, ljósmæðrum og lækna-riturum kost á þátttöku í könnuninni á Íslandi. Hér verður eingöngu gerð grein fyrir hinum íslenska hluta könnunarinnar en niðurstöður verða síðar bornar saman á milli landa og birtar.

Spurningalistinn innihélt 33 spurningar auk einnar opinnar spurningar í lokin. Upplýsinga-söfnun var rafræn en þátttakendum var gefinn kostur á að óska eftir pappírsútgáfu. Þar sem of fá svör bárust varðandi önnur sjúkraskrárkerfi en Sögukerfið (alls 12 svör sem skiptust á 3 sjúkraskrárkerfi) verður hér eingöngu fjallað um niðurstöður sem snúa að notkun sjúkraskrárkerfisins Sögu á sjúkrahúsum, heilbrigðis-stofnunum og heilsugæslustöðvum landsins. Svör sem bárust frá læknum á heilbrigðis-stofnunum voru auk þess flokkuð eftir því hvort læknirinn starfaði á legudeild sjúkrahúss eða innan heilsugæslunnar.

Tæplega 80% þátttakenda taldi að sjúkraskrárkerfið nýttist vel eða mjög vel í daglegu starfi.


Alls svöruðu 659 þátttakendur spurninga-listanum; 166 lækna, 393 hjúkrunarfræðingar / ljósmæður og 100 lækna-ritarar. Svarhlutfall var hins vegar eingöngu rétt innan við 20% og er því ekki hægt að heimfæra svör yfir á alla Sögunotendur í opinberri heilbrigðisþjónustu. Svörin nýtast Embætti landlæknis engu að síður varðandi áframhaldandi þróun á rafrænni sjúkraskrá.

Reynsla af notkun sjúkraskrárkerfis

Meirihluti þátttakenda hafði notað Sögukerfið í meira en þrjú ár (tæplega 90%) og flestir mátu reynslu sína af notkun sjúkraskrárkerfisins mikla (rúmlega 92% þátttakenda). Þá taldi tæplega 70% þátttakenda að það væri auðvelt að læra á sjúkraskrárkerfið. Ekki var mikill munur á svörum á milli einstakra starfsstétta hvað þetta varðar.

Virgni og nýting sjúkraskrárkerfis

Tæplega helmingur þátttakenda var frekar eða mjög ósammála þeirri fullyrðingu að sjúkraskrárkerfið væri hraðvirkt, þriðjungur (tæp 33%) var frekar eða mjög sammála fullyrðingunni og rúm 20% tóku ekki afstöðu. Mynd 1 sýnir annars vegar heildarniðurstöðu (allir) og hins vegar sundurliðun á svörum þátttakenda eftir starfsstétt. Það voru einkum lækna sem voru óánægðir með hraðann, en hjúkrunarfræðingar / ljósmæður og lækna-ritarar voru jákvæðari. Þá var nokkur munur á viðhorfi sjúkrahúslækna annars vegar og heilsugæslulækna hins vegar. Talsvert stærri hluti



Mynd 1. Sjúkraskrárkerfið sem ég nota í mínu daglega starfi er hraðvirkt.

sjúkrahúslækna (73%) var frekar eða mjög óánægður með hraðann heldur en heilsugæslulækna (48%).


Þegar spurt var hvort hraðavandamálið væri einangrað við notkun á sjúkraskrárkerfinu eða hvort önnur forrit væru einnig hægð á tölvunni kom í ljós að tæplega 53% þátttakenda töldu hraðavandamálið bundið við sjúkraskrárkerfið en tæplega 40% að önnur forrit væru einnig hægð. Það voru einkum heilsugæslulækna sem töldu að hraðavandamálið væri einangrað við sjúkraskrárkerfið, eða 86% þeirra heilsugæslulækna sem svöruðu könnuninni miðað við 59% sjúkrahúslækna.

Þegar spurt var um hversu vel sjúkraskrárkerfið nýttist í daglegu starfi heilbrigðisstarfsmanna töldu tæplega 80% þátttakenda að kerfið nýttist mjög vel eða vel. Einungis 8% svarenda töldu sjúkraskrárkerfið nýttist illa eða mjög illa. Mynd 2 sýnir annars vegar heildarútkomu (allir) og hins vegar sundurliðun á svörum þátttakenda eftir starfsstétt. Ekki var afgerandi munur á svörum sjúkrahúslækna og heilsugæslulækna í þessari spurningu.

Öryggi og gæði rafrænnar sjúkraskrár

Tæplega 42% þátttakenda voru frekar eða mjög sammála því að hægt væri að treysta á að kerfið virkaði þegar þörf væri á (þ.e. kerfið „frysi“ sjaldan), en tæplega 36% voru frekar eða mjög ósammála. Aðrir (22%) voru hvorki sammála né ósammála fullyrðingunni. Eins og í fyrri spurningum gáfu hjúkrunarfræðingar / ljósmæður og lækna-ritarar jákvæðari svör heldur en lækna sem voru neikvæðari hvað varðar virknina. Alls voru 52,5% heilsugæslulækna frekar eða mjög ósammála því að hægt væri að treysta á að kerfið virkaði þegar þörf væri á, miðað við 46,2% sjúkrahúslækna.

Meirihluti þátttakenda var mjög eða frekar sammála því að öryggi sjúklinga hefði aukist með tilkomu rafrænnar sjúkraskrár. Þá var yfirgnæfandi meirihluti sammála þeirri fullyrðingu að rafræn sjúkraskrá stuðli að auknum gæðum í heilbrigðisþjónustu.



Mynd 2. Hversu vel nýtist sjúkraskrárkerfið þér í þínu daglega starfi?

Rúmlega 60% þátttakenda voru sammála um að auðvelt væri að leiðrétta villur í kerfinu, s.s. ranga skráningu, en 22% voru frekar eða mjög ósammála því. Voru læknar þar í meirihluta, einkum sjúkrahúslæknar.

sögðust frekar eða mjög ósammála. Voru læknar þar í meirihluta, en tæplega 70% lækna svöruðu á þann veg. Ekki var mikill munur á viðhorfi lækna eftir því hvort þeir störfuðu á sjúkrahúsi eða í heilsugæslu.

Flestir (80%) voru einnig þeirrar skoðunar að auðvelt væri að skrá það sem þyrfti að skrá í sjúkraskrána. Hins vegar var rétt rúmlega helmingur þátttakenda (54%) þeirrar skoðunar að það væri ekki auðvelt að finna þær upplýsingar í sjúkraskránni sem leitað væri að. Ekki virtist vera mikill munur á afstöðu sjúkrahúslækna og heilsugæslulækna til þessa.

Heilbrigðisupplýsingakerfi í daglegu starfi

Rúmlega 60% lækna þurfa að skrá (logga) sig inn í þrjú eða fleiri mismunandi heilbrigðisupplýsingakerfi daglega, 35% hjúkrunarfræðinga/ljósmeðra og 49% læknaritara. Tafla 1 sýnir sundurliðun á svörum eftir heilbrigðisstéttum og fjölda kerfa sem starfsmenn þurfa að skrá sig inn á í sínu daglega starfi.

Meirihluti þátttakenda var mjög eða frekar sammála því að öryggi sjúklinga hefði aukist með tilkomu rafrænnar sjúkraskrár, eða tæplega 72%. Rétt rúmlega 8% sögðust vera frekar eða mjög ósammála fullyrðingunni og voru það einkum læknar. Sömuleiðis var yfirgnæfandi meirihluti frekar eða mjög sammála þeirri fullyrðingu að rafræn sjúkraskrá stuðli að auknum gæðum í heilbrigðisþjónustu, eða tæplega 80%. Tæplega 7% voru frekar eða mjög ósammála og voru það einkum læknar.

Úrvinnsla

Varðandi þá fullyrðingu að úttekt á tölfraeðiupplýsingum úr sjúkraskránni væri fljótleg voru langflestir þeirrar skoðunar að svo væri ekki. Einungis tæplega 17% þátttakenda sögðust mjög eða frekar sammála en 41%

Fjöldi heilbrigðisupplýsingakerfa	Læknir	Hjúkrfr. / Ljósme.	Lækna-ritari
1	10,4%	29,6%	28,6%
2	28,8%	35,6%	22,4%
3	33,1%	22,8%	25,5%
4	16%	7,6%	12,2%
5	6,1%	1%	9,2%
6-10	3,1%	1,6%	2%
>10	2,5%	1,8%	0%

Tafla 1. Fjöldi heilbrigðisupplýsingakerfa sem heilbrigðisstarfsmaður þarf að skrá (logga) sig inn á í sínu daglega starfi.

Meirihluti þátttakenda var sammála um að rafrænar sendingar, s.s. læknaþréf, hjúkrunarþréf, fæðingatilkygningar o.fl. væri helsti kostur rafrænnar sjúkraskrár.

Helstu gallar sjúkraskrárkerfisins

Þátttakendur voru spurðir um hverja þeir teldu helstu galla rafrænnar sjúkraskrár. Hægt var að merkja við ákveðin atriði auk þess að tilgreina annað. Meirihluti þátttakenda var m.a. sammála um að lagfæra þyrfti heildaryfirsýn yfir meðferð sjúklings, að kerfið væri of hægvirkt, að það vantaði meiri stuðning við ákvarðanir inn í kerfið, s.s. áminningar, aðvaranir og tengingu við klínískar leiðbeiningar, að tví- og eða margskráning sömu upplýsinga væri vandamál og að erfitt væri að samtengja kerfið við önnur heilbrigðisupplýsingakerfi.

Helstu kostir rafrænnar sjúkraskrár


Mynd 3 sýnir niðurstöður þegar spurt var um helstu kosti rafrænnar sjúkraskrár, en þátttakendur höfðu kost á að merkja við ákveðin atriði auk þess að tilgreina annað. Meirihluti þátttakenda var sammála um að rafrænar sendingar, s.s. læknaþréf, hjúkrunarþréf, lyfseðlar, fæðingatilkygningar o.fl. væri helsti kostur rafrænnar sjúkraskrár (95% lækna, 88% hjúkrunarfræðinga / ljósmæðra og 97% læknaþrára). Næst á eftir var talinn auðveldur aðgangur að mikilvægum upplýsingum um sjúkling óháð starfsmanni eða staðsetningu (79% lækna, 86% hjúkrunarfræðinga / ljósmæðra og 81% læknaþrára). Almennt var lítil munur á svörum þátttakenda eftir

starfsstéttum nema varðandi hljóðupptöku, en það voru einkum læknaþrára sem töldu hana mikilvæga (55,2% miðað við 28,6% lækna) og rafrænar sendingar reikninga til TR (læknaþrára 41,7% miðað við 33,3% lækna).

Langflestir voru á þeirri skoðun að notkun rafrænnar sjúkraskrár stuðlaði að auknu samstarfi og betra upplýsingaflæði á milli heilbrigðisstarfsfólks, bæði innan sömu starfsstéttar (76% frekar eða mjög sammála) og á milli starfstétta (71% frekar eða mjög sammála) sem og á milli heilbrigðisstarfsfólks mismunandi stofnana (60% frekar eða mjög sammála).

Þar sem þátttaka var lítil í könnuninni endurspeglar svörin eingöngu þann hóp sem svaraði könnuninni. Könnunin var ekki auglýst og kann það að hafa haft áhrif á þátttökuna. Einnig áttu sumir í erfiðleikum með að skrá sig inn á þátttökusíðuna. Engu að síður gefa niðurstöðurnar til kynna ákveðnar vísbendingar sem Embætti landlæknis getur notað í þeirri þróunarvinnu varðandi rafræna sjúkraskrá sem unnið er að innan embættisins.

Auður Harðardóttir
Jón Óskar Guðlaugsson



Mynd 3. Helstu kostir rafrænnar sjúkraskrár.